

Mál nr. 181/2014**M****og V vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar X.****Ágreiningur um sönnun líkamstjóns vegna áreksturs 5. janúar 2014.****Gögn.**

1. Málskot móttengið 13. júní 2014 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 8. júlí 2014.

Málsatvik.

Skv. lögregluskýrslu varð árekstur með bifreiðunum X og Y við umferðarljós á Sæbraut við Kleppsmýrarveg. Vitni sem rætt var við á vettvangi og ökumaður Y báru um að hafa ekið á eftir bifreiðinni X gegn grænu ljósi þegar bifreiðinni Y var ekið inn á gatnamótin og ekið í hlið X en ekki stöðvað við áreksturinn heldur ekið beint áfram. Lögregla náði sambandi við ökumann X sem var að leggja bifreið sinni við bifreiðastæði heima hjá sér í kjölfarið og viðurkenndi hann að hafa ekið á bifreiðina Y. Í lögregluskýrslu er ekki minnst á að farþegar hafi verið í bifreiðunum. Í málinu liggur einnig fyrir læknisvottorð frá bráðamóttöku Landspítala-Háskólasjúkrahúss vegna komu M þangað síðdegis þann 5. janúar 2014 þar sem hún lýsir óþægindum vegna bílslyss. Einnig liggur fyrir yfirlýsing ökumanns X dags. 16. apríl 2014 um að M hafi verið farþegi í bifreiðinni þegar árekstur varð þann 5. janúar s.á.

M telur að með ofangreindum gögnum sé sannað að hún hafi hlotið líkamstjón í árekstri bifreiðanna X og Y. Sérstaklega vísar M til yfirlýsingar ökumanns um það og læknisvottorðs sem staðfestir komu hennar á bráðamóttöku strax eftir slysið. Eðlilegar skýringar hafi verið á því að sonur hennar, sem var ökumaður bifreiðarinnar X, hafi ekki stöðvað eftir áreksturinn, en hann hafi komist í uppnám og ekki gefið greinargóða lýsingu þegar lögregla hafi hitt á hann eftir áreksturinn. Hann hefði auk þess haldið að hann yrði boðaður í frekari skýrslutöku hjá lögreglu síðar.

V telur að það sé ósannað að M hafi hlotið líkamstjón í umræddum árekstri þar sem það liggi ekki fyrir ótvíræð sönnunargögn um að hún hafi verið farþegi í bifreiðinni X þegar hún lenti í árekstri. V vísar aðallega til þess að M hefði átt að tryggja sér sönnun strax um að hún hafi verið í bifreiðinni þegar áreksturinn varð en síðari tíma yfirlýsingar hafi ekki sömu þýðingu. Einnig vísar V til þess að kvartanir M þegar hún leitaði á bráðamóttöku hafi ekki leitt til greiningu áverkamerkja.

Álit.

Í málinu liggja ekki fyrir óyggjandi sönnunargögn um að M hafi verið í bifreiðinni X, þegar henni var ekið á Y. Ökumaður þeirrar bifreiðar og vitni bera hvorugir um farþega í bifreiðinni X á vettvangi og ekki heldur ökumaður X þegar rætt er við hann stuttu eftir áreksturinn.

Eina sönnunargagnið sem liggur fyrir og tengir M beinlínis við bifreiðina X er einhliða yfirlýsing ökumanns bifreiðarinnar, sonar M, sem gerð er nokkrum mánuðum eftir atvikið. Ekki hefur farið fram lögreglurannsókn eða önnur gögn lögð fram sem staðfesta að M hafi verið farþegi í umræddri bifreið. M ber sönnunarbyrði um að hún hafi verið farþegi í umræddri bifreið og hlotið líkamstjón í árekstri þann 5. janúar 2014. Á meðan ekki liggja fyrir skýrari gögn sem staðfest að M hafi verið farþegi í bifreiðinni telst hún ekki hafa uppfyllt þær kröfur sem gerðar eru til sönnunar atviks.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X.

Reykjavík 19. ágúst 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.